

Hreindýraeldi og ræktun á bújörð

Umræðupunktur

Hvernig er staðið að (Aðferð).

Skipulögð eru beitarhólf á vaxtartímanum frá byrjun júní fram að lokum október.

Hólfin eru t.d. 7 talsins og afgirt hvert um sig með 2 metra háum girðingum.

Fært er á milli hólfa á 21 dags fresti.

Sett er upp fóðrunarhólf á ógrónu landi t.d. Mel sem þarf að græða upp einnig afgirt. Þar eru dýrin fóðruð yfir vetrartímann. Nota má þetta hólf í 2 -3 vetur og byggja síðan nýtt hólf. Og hvíla fyrsta vetrarhólfið og lofa því að gróa upp. **Hreindýrin búa í haginn fyrir landabætur.**

Byggð er rétt til að vinna með dýrunum í, þar eru kálfar markaðir, dregin úr dýr er fara til slátrunar.

Þar eru einnig gefin ormalyf.

Hreindýr og Visindin:

Sköpuð verður aðstaða fyrir dýralækni, svo og fyrir nemendur og kennara frá háskólasamfélaginu (líffræði og náttúrufræði) svo hægt sé að fylgjast með dýrunum og stunda rannsóknir á atferli og öðru er máli skiptir.

Ferðamál og hreindýr sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn:

Einnig eru flokkuð frá dýr er höfð eru í svokölluðum ferðamannagirðingum, þar sem seldur er aðgangur að hreindýragarðinum, skipulagðar ferðir með öðrum aðilum í ferðabjónustunni, til að skapa sem mesta fjölbreytni fyrir ferðamanninn.

Hagkvæmni miðað við hefðbundinn landbúnað:

5 sinnum betri afkoma en frá td. sauðfjárrækt. Fyrir svipað magn af fóðureiningum.

Skipulagning ræktunarlands til að rækta hentugt vetrarfóður fyrir hreindýrin.

Spurt var um girðingakostnað. Dæmi: 10 km = 4.6 mil innkaup. Kostnaður við fóðuröflun svipaður og í hefðbundnum landbúnaði.

Niðurstöður

Hreppsnefnd Vopnafjarðar almennt jákvæð með fyrirvara fyrir varfærni forsendum.

Íbúar Vopnafjarðar flestir jákvæðir. Vilji til að sjá verkefnið gerast.

Atvinnumála og ferðamálanefnd Vopnafjarðar hefur verið jákvæð. Vantar þó skriflega yfirlýsingu.

Landbúnaðarnefnd : Hefur komið með spurningar og einn aðili á mót, vantar þó haldbærar forsendur. Fyrir tjáðum andmælum.

Skýrsla: Unnin af nefnd skipuð af Landbúnaðar og umhverfisráðherra : Nefndarformaður Sigurður Ármann Þráinsson: Setti saman nefndaraðila sem fyrirfram voru á mót, tiltakinu, og hugmyndaraðilum var synjað um að koma með tillögur eða taka þátt í umræðu nefndar.

(stjórnsýsluglöp)

Næstu skref

Forsendur fyrir því að verkefnið geti orðið að verueika er að þörf er á

Aðstoð frá Austurbrú. Til að tala sama máli og neðangreint.

Aðstoð frá Byggðastofnun til þess að undirbúa og vinna í og knýja á dyr hjá hinu opinbera að verkefnið sé nauðsynlegt svo að nýsköpun í ferðamálum og landbúnaði geti átt sér stað.

Skrifleg viljayfirlýsing frá hreppsnefnd og íbúum um að þeir vilji sjá verkefnið gerast:

Með áskorun til yfirvalda þingmanna og ráðherra að þeirra meðbyr og jákvæð ákvörðun og leyfi veitist frá embætti ráðherra sem einnig fyrirfinnst ákvæði um í lögum sem heimilar ráðherra að veita slíkt leyfi.

Umhverfisráðherra: Sigrún Magnúsdóttir hefur tjáð sig á fundi sem hún átti með hugmyndaraðilum þann 17. nóvember 2015 að hún muni bíða eftir niðurstöðum frá hreppsnefnd Vopnafjarðar.